

11. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 17. febrúar 2015, A sal ÍSÍ í Laugardal

Mættir eru: Arnar Ólafsson, formaður, Einar Ólafsson, varaformaður, Kristinn Arason, meðstjórnandi, Kristín Ívarsdóttir, ritari og Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnafulltrúar, Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála, Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mótamála, Sæunn Viggósdóttir úr tækninefnd fimleika fyrir alla. Olga Bjarnadóttir boðaði forföll.

Einar Ólafsson, setti fundinn kl. 19:40 og tók að sér fundarstjórn.

Eftirfarandi erindi voru lögð til samþykktar

1. Erindi frá FFA

Nefnd um Fimleika fimleika fyrir Alla óskar eftir því að fá að senda þátttakenda (Sæunni Viggósdóttur) á upplýsinga og „Expert“ fund sem haldin verður í Tékklandi 17. - 18. apríl 2015. UEG býður einum aðila frá hverju Fimleikasambandi fría gistingu frá föstudegi til laugadags, kvöldmat á föstudegi og morgun- og hádegisverð á laugardegi. Verð fyrir Expert fundinn kostar 80 evrur og þar er innifalið hótलगisting frá laugardegi til sunnudags, morgunmatur á sunnudegi og hádegismatur.

Upplýsingafundurinn er fyrir bæði EUROGYM og European Gym For Live Challenge sem haldið verður í Tékklandi sumarið 2016. Síðast fórum við með um 400 þátttakendur og gerum við í FFA ráð fyrir að sá fjöldi haldist eða jafnvel að fleiri bætist við hópinn. Það er því mikilvægt að tilvonandi farastjóri mæti á upplýsingafund, fái upplýsingar beint í æð og tækifæri til að kanna slóðir hátíðarinnar.

Expert fundurinn er fundur sem UEG hefur haldið á nokkra ára fresti til þess að fá að heyra frá samböndunum hvað sé gott og hvað mætti betur fara. Venjan hefur verið að bjóða einungis þeim sem oft hafa farið og eru EUROGYM kunnugir, en núna verður fundurinn opinn fyrir öllum.

Frábært væri ef Sæunn gæti farið á báða þessa fundi því að við Ísland (FSÍ) vorum meðal stærstu þjóða á EUROGYM síðast og getum því lagt lið í umræðum og hópavinnu þessa helgi.

Kostnaður FSÍ væri því flug til Prague, lestarkostnaður og 80 evru vegna Expert fundar. Til að minnka kostnað er hægt að nýta WOW miða og svo er það bara leggurinn t.d. frá Berlín og þessi kostnaður upp á 80 evrur.

Umræður um að það verði passað vel upp á fjármálin þegar næst verður farið á Eurogym.

Niðurstaða: Samþykkt að Sæunn fari á fundinn og að FSÍ greiði ofangreindan kostnað.

Eftirfarandi erindi voru lögð til umræðu

1. Frestun móta

Setja þarf niður ferli varðandi frestun móta. Hvaðan á ákvörðunin að koma? Er það sviðsstjóri mótamála sem hefur samband við sérfræðinga, eða er það tilmæli frá henni til stjórnar? Svo þarf að vera viðbragðsáætlun um það hvenær mót sé svo haldið ef til frestunar kemur.

Rætt var um hvort að það þurfi að vera aukahelgi ef móti úti á landi sé frestað. Þyrfti þá ekki líka að hafa aukahelgi fyrir öll þau mót sem eru hér fyrir sunnan ef það er ekki veðurfært frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Landsbyggðarfolk leggur venjulega bara af stað fyrir til þess að ná móti, keppendur af höfuðborgarsvæðinu þyrfti að gera slíkt hið sama.

KKÍ er mikið með mót út um allt land og þar tekur mótastjóri KKÍ tekur ákvörðun um það hvort að mótið eigi að frestast. Hann lætur svo framkvæmdastjóra og stjórn vita og ákveður nýja dagsetningu. Mótshaldari kemur ekki að ákvörðuninni. Íshökkísambandið frestaði t.d. um daginn og setti mótið aftur á dagskrá 2 dögum seinna. Sviðsstjóri mótamála FSÍ er vel hæfur til þess að taka þessa ákvörðun einn í samráði við veðurfræðinga og aðra sem vit hafa á þessu.

Við höfum áður frestað mótum í mars, október og maí vegna veðurs. Hin samböndin geta verið með mót á þessum árstíma, af hverju ætti það sama ekki að gilda um FSÍ?

Landsbyggðarfólk á líka að eiga rétt á að keppa á heimavelli og fá fjölskyldu sína til að horfa á sig keppa.

Niðurstaða: Sviðsstjóri fræðslu- og mótamála kemur með tillögu að reglum varðandi frestun móta. Þegar farið verður í mótaskipulag næsta árs verður tillit tekið til allra athugasemda.

Önnur mál:

- Stjórn FSÍ vil koma á framfæri þakklæti til allra þeirra félaga og sjálfboðaliða sem lagt hafa sitt af mörkum og staðið fyrir glæsilegum FSÍ mótum núna í haust og vetur.
- Samfélagsmiðlar voru að virka rosalega vel síðustu helgi eftir að mótshöldurum var gefinn aðgangur að samfélagsmiðlum FSÍ.
- Framkvæmdastjóri ætlar að athuga hvort möguleiki sé að fá boðsmiða á heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum sem haldið verður í Glawgow í haust.
- Framboð til framkvæmdastjórnar ÍSÍ rennur út 27. mars.
- Stofnuð verður siðanefnd FSÍ sem Sunna og Kristín ætla að safna fólki í. Væri mjög gott ef þessi siðanefnd væri svo lifandi og tæki ákvarðanir um hin ýmsu siðamál. Í kjölfarið verður hafist við að gera drög að siðareglum Fimleikasambandsins sem geta svo farið inn í félögin. Breiðablik hefur gert sínar siðreglur mjög sýnilegar. Væri gaman ef það væri komin beinagrind að þessu fyrir næsta þing.

Fundi slitið 20:20.

Næsti fundur þriðjudaginn 3. mars 2015.

Eva Hrund Gunnarsdóttir ritaði fundinn.